Hola RV-15 er nokkuð suðaustar á svæðinu við Lágmúla. Eins og áður segir eru holurnar austar á svæðinu mun lægri í ákveðnum eftum sem bendir til þess að sjávarblöndun þar sé lítil eða engin. Vatnsrennsli úr RG-15 hefur haldist nokkuð stöðugt í tæplega 20 l/s en hitastigið hefur lækkæd lítillega frá borun. Ekki er þó hægt að segja að hitastigið hafi lækkæd síðasta aldarfjórðunginn. Efnafræðilega hefur hola RG-15 verið mjög stöðug. Helst er það uppleyst brennisteinsvetni sem hefur

aukist með tíma.

Allar tíu virkjaðar holur Laugarnessvæðisins eru súrefnislusaðar og innihalda að meðaltali um 0,5 ppm brennisteinsvetni. Hitastig þeirra er á bilinu 120 - 134°C og lækkar lítið. Vinnslan hefur numið um 150 - 160 l/s síðustu áratugina sem er svipað náttúrulegu aðstreymi svæðisins. Vinnsla svæðisins er því nánast sjálfbær.

**Mynd 12. Laugarnes - Hola RG-15: Hiti, rennsli og efnafræði**



## 2.4 Vatnsvinnslan á Elliðaárvæðinu

Vatnsvinnslan á Elliðaárvæðinu var 1,69 milljón rúmmetrar (~54 l/s meðalvinnsla) árið 2013, sem samsvarar aukningu upp á 40 þúsund rúmmetra (2,4%) frá árinu á undan. Lítill vinnsla hefur verið á svæðinu síðustu árin og áratugi og yfirleitt einungis ein hola keyrð, þ.e. hola RV-39. Þessi hola var til langs tíma eina súrefnislusa holan á svæðinu, en á árinu 2002 fór að bera á örlitlu af uppleystu súrefnini í holuvatninu. Í dag er holan að gefa um 0,3 ppm af uppleystu súrefnini og hefur það hægt aukist með tímanum. Aðrar holar á svæðinu innihalda mun meira af uppleystu súrefnini eða milli 0,5 og 1 ppm. Þær eru almennt lítið notaðar en eru þó reglulega keyrðar upp til að tryggja það að þær verði nýtanlegar í neyðartilfellum. Súrefnið veldur engum vandræðum í dreifikerfi OR, þar sem Elliðaárvatninu er strax blandað við brennisteinsríkt vatn frá Mosfellssveit og eyðist súrefnið því fljótlega.

Meðalafl svæðisins árið 2013 nam 10,2 MW/ári og er það samdráttur upp á 0,1 MW/ári frá árinu á undan. Vegið meðalhitastig vatnsins var 85,7°C, eða nokkru lægra en árið á undan. Alls eru 8 holur virkjaðar á svæðinu, en engin dæla hefur verið í holu RV-36 síðustu árin og ekki ákveðið hvort hún


verði nýtt í framtíðinni sem vinnsluhola. Vinnsla hvers mánaðar er sýnd á mynd 13.

Árleg vatnsvinnsla Elliðaárvæðisins á árunum 1968 - 2013 er sýnd á mynd 14. Hámarki náði vinnslan árið 1983 þegar hún var um 5,6 milljón rúmmetrar (~180 l/s meðalvinnsla). Alls nemur heildarvatnsvinnslan á Elliðaárvæðinu á árunum 1968 - 2012 um 138,2 milljón rúmmetrum eða að meðaltali um 3,0 milljón rúmmetrar á ári (95 l/s). Gögnin sem liggja til grundvallar myndunum eru í töflum 2-4.

Mynd 15 sýnir aflvinnslu úr borholum á Elliðaárvæðinu árið 2013. Súlurnar bera saman raunverulegt afl holanna og fræðilegt afl þeirra ef þær væru í gangi allt árið. Ekki er tekið tillit til minnkandi rennslis frá holunum vegna lækkandi vatnsborðs sem fylgir langvarandi dælingu. Aflið er reiknað út frá vinnslumagni einstakra hola, hitastigi vatnsins og nýtingu varmans niður í 40°C.


Mynd 15 sýnir því hvað mikið hver hola hefur verið nýtt á árinu og jafnframt að holurnar eru misöflugar. Eins og lesa má af myndinni eru holur RV-23, RV-30 og RV-39 öflugustu holur svæðis-

**Mynd 13. Elliðaár - Mánaðarvinnsla 2013**




### Mynd 14. Elliðaár - Árleg vinnsla 1968 - 2013

Heildarupptaka = 138,2 GI eða 95 l/s



### Mynd 15. Elliðaár - Aflvinnsla eftir holum 2013

Heildarafl = 42,8 MW, tekið = 10,2 MW (24%)



ins. Hver um sig gæti gefið fræðilegt afl á bilinu 8 - 10 MW á ársgrundvelli. Mest afl gaf hola RV-39 (9,5 MW/ári), en hún var í gangi 100% af árinu og gaf tæplega 93% af aflí svæðisins. Fáar aðrar holur vorur nýttar á síðasta ári.


Mynd 16 sýnir hæð holanna yfir sjávarmáli, ásamt holu-, dælu- og fóðringardýpi. Þá eru einnig gefnar upplýsingar um meðalhita holanna og meðalrennsli eins og það var árið 2013 (sum gildin eru áætluð). Gildin sem liggja til grundvallar myndarinnar eru í töflu 1.

Holur RV-36, RV-37 og RV-39 eru dýpstu holur svæðisins eða um 2100 til 2312 metrar, en meðal-


dýpt holanna á Elliðaárvæðinu er um 1586 metrar. Meðal dæludýpi er 185 metrar (176 - 213 metrar) og meðalhæð holanna yfir sjávarmáli er um 37 metrar (25 - 51 metrar). Meðal fóðringardýpi er um 448 metrar (102 - 700 metrar).

Mynd 17 sýnir uppsafnaða vinnslu á Elliðaárvæðinu frá upphafi, flokkað eftir holum. Lang mest hefur verið tekið úr holum RV-23 og RV-39 eða 31 - 38 gígálitra. Holur RV-29 og RV-30 hafa einnig gefið milli 21 og 24 gígálitra síðan þær voru boraðar árið 1969. Mest nýtta hola svæðisins, RV-39, sem boruð var árið 1984, hefur gefið af sér hlutfallslega meira vatn en nokkur önnur hola í Reykjavík.

**Mynd 16. Elliðaár - Holur, dæludýpi, rennsli og hitastig**



**Mynd 17. Elliðaár - Vinnsla eftir holum frá upphafi**




## 2.5 Hiti, rennsli og efnafræði í völdum holum

Tvær holar hafa verið valdar til að endurspeglar hita, rennsli og efnafræði vatnsins á Elliðaárvæðinu en það eru holar RG-23 og RG-39 (ath. holurnar ganga bæði undir nafninu RV- eða RG-). RG-23 er næst afkastamesta hola svæðisins á eftir holu RG-39. Rennslið frá holunni var upprunalega kringum 40 l/s en síðustu áratugina hefur rennslið verið um 50 l/s. Upprunalega hitastig vatnsins eftir borun var rúmlega 100°C en hitastigið hefur lækkað jafnt

og þétt síðan og er nú um 86°C (lækkunin nemur um 0,3°C á ári). Kísill hefur lækkað úr um 100 ppm niður í 80 ppm á sama tímabili. Ljóst er að jarðhitageymirinn á Elliðaárvæðinu er lítt og mikil dæling í upphafi með tilheyrandí þrýstingsfalli í geyminum hefur dregið að mikið af köldu vatni frá hliðunum og að ofan. Hitastigið hefur fallið, brennisteinsvetnið nánast horfið og súrefni finnst nú í öllum holum. Þrátt fyrir aðgerðir, eins og að endurfóðra holurnar dýpra og að draga úr vinnslu hefur ekki náðst að stöðva þessa þróun eða

**Mynd 18. Elliðaár - Hola RG-23: Hiti, rennsli og efnafræði**




að snúa henni við. Tölurnar á myndinni fyrir neðan eru meðaltalsgildi byggðar á öllum mældum gildum.

Hola RV-39 er afkastamesta hola svæðisins. Vatnsrennslu úr RG-39 hefur haldist nokkuð stöðugt í um 40 - 50 l/s en hitastigið hefur lækkað úr rúmlega 100°C frá borun í um 89°C. Ekki er þó hægt að segja að hitastigið hafi lækkað mikið síðastu tvo áratugi. Hitalækkunin undir lok ársins 2013 er enn óskýrð. Kísill hefur lækkað úr 115

ppm í 80 ppm á tímabilinu.

Allar sjö virkjaðar holar Elliðaárvæðisins innihalda súrefni á bilinu 0,3 - 1 ppm og eru nánast brennisteinsvetnislusaðar. Hitastig þeirra er á bilinu 70 - 90°C og hefur lækkað verulega frá borun. Vinnslan hefur numið um 60 - 70 l/s síðustu áratugina sem er svipað náttúrulegu aðstreymi svæðisins. Vatnsborð svæðisins stendur mjög hátt og er í góðu jafnvægi við litla vinnslu.

**Mynd 19. Elliðaár - Hola RG-39: Hiti, rennslu og efnafræði**



## 2.6 Vatnsvinnslan á Reykjum

Vatnsvinnslan á Reykjasvæðinu var 13,31 milljón rúmmetrar (~422 l/s meðalvinnsla) árið 2013, sem samsvarar aukningu upp á 0,47 milljón rúmmetra (3,7%) frá árinu á undan. Meðalafl svæðisins árið 2013 nam 74,6 MW/ári en það er aukning upp á 2,6 MW/ári frá árinu á undan. Vegið meðalhitastig vatnsins árið 2013 var 82,3°C. Alls eru 22 holur virkjaðar á svæðinu og er vinnsla hvers mánaðar sýnd á mynd 20.

Árleg vatnsvinnsla Reykjasvæðisins á árunum 1971 - 2013 er sýnd á mynd 21. Mikil vinnslaukning árin 1999 - 2001 stafaði af vinnslustöðvun á Reykjhahlíðarsvæðinu og á Nesjavöllum, en hámarki náði vinnslan á Reykjasvæðinu árið 1976 en þá var hún um 23,6 milljón rúmmetrar (~750 l/s meðalvinnsla). Vinnslan á árunum 2002 til 2008, að árinu 2003 undanskyldu, er meira í takt við vinnsluna árin 1992 - 1998, en þá var lögð mikil áhersla á að hvíla Reykjasvæðið. Á árinu 2003 var svo viðhaldsstöðvun á Reykjhahlíðarsvæðinu og skýrir það aukningu í vinnslu á Reykjasvæðinu það árið.

Alls nemur heildvatnsvinnslan á Reykjasvæðinu á árunum 1971 - 2013 rúmlega 634 milljón rúmmetrum eða að meðaltali um 14,7 milljón rúmmetrar á ári (467 l/s). Gögnin sem liggja til grundvallar myndunum eru í töflum 2 - 4.


Mynd 22 sýnir aflvinnslu úr borholum á Reykjasvæðinu árið 2013. Súlurnar bera saman raunverulegt afl holanna og fræðilegt afl þeirra ef þær væru í gangi allt árið. Ekki er tekið tillit til minnkanndi rennslis frá holunum vegna lækkandi vatnsborðs sem fylgir langvarandi dælingu. Aflið er reiknað út frá vinnslumagni einstakra hola, hitastigi vatnsins og nýtingu varmans niður í 40°C.

Mynd 22 sýnir því hvað mikið hver hola hefur verið nýtt á árinu og jafnframt að holurnar eru misöflugar. Eins og lesa má af myndinni eru holar MG-13, MG-16, MG-22, MG-24 og MG-30 öflugustu holur svæðisins. Hver um sig gæti gefið fræðilegt afl á bilinu 10 - 15 MW á ársgrundvelli. Mest afl kom frá holu MG-22 eða um 10 MW, en best nýttar voru holar MG-9 og MG-11 sem voru í gangi 100% af tímanum. Níu holur svæðisins voru lítið sem ekkert nýttar á árinu.

Mynd 23 sýnir hæð holanna yfir sjávarmáli, ásamt holu-, dælu- og fóðringardýpi. Þá eru einnig gefnar upplýsingar um meðalhita holanna og meðalrennslu eins og það var árið 2012 (sum gildin eru áætluð). Gildin sem liggja til grundvallar myndarinnar eru í töflu 1.


Samkvæmt mynd 23 og töflu 1 eru 10 holar dýpri en 1800 metrar, en meðaldýpt holanna á Reykja-

**Mynd 20. Reykir - Mánaðarvinnsla 2013**




## **Mynd 21.** Reykir - Árleg vinnsla 1971 - 2013

Heildarupptaka = 633,66 Gl eða 467 l/s



**Mynd 22.** Reykir - Aflvinnsla eftir holum 2013

Heildarafl = 149,3 MW, tekið = 74,6 MW, nýting = 50%




svæðinu er um 1640 metrar. Meðal dæludýpi er 170 metrar (158 - 189 metrar) og meðalhæð holanna yfir sjávarmáli er um 63 metrar (45 - 76 metrar). Meðal fóðringardýpi er um 240 metrar (114 - 613 metrar).

Hæstur mælist vatnshitinn í holu MG-16 eða um 100,0°C, en lægstur í holu MG-18 eða um 62,8°C. Mest var vatnsgæfnin í holu MG-30 eða um 79


sekúndulítrar, en minnst í holu MG-4 eða um 6,9 l/s.

Mynd 24 sýnir uppsafnaða vinnslu á Reykjavæðinu frá upphafi, flokkað eftir holum. Lang mest hefur verið tekið úr holu MG-22 eða rúmlega 60 gígalítrar. Aðrar mikið nýttar holur eru MG-23, MG-24, MG-30 og MG-31, allar með á bilinu 34 til 49 gígalítra.

**Mynd 23. Reykir - Holar, dæludýpi, rennsli og hitastig**



**Mynd 24. Reykir - Vinnsla eftir holum frá upphafi**




## 2.7 Hiti, rennsli og efnafræði í völdum holum

Tvær holur hafa verið valdar til að endurspeglar hita, rennsli og efnafræði vatnsins á Reykjasvæðinu en það eru holur MG-16 og MG-23. Tölurnar á myndinni fyrir neðan eru meðaltalsgildi byggðar á öllum mældum gildum.

MG-16 er heitasta hola svæðisins og er hún staðsett nyrst á svæðinu, en hola MG-23 er syðst á svæðinu


og er ein af afkastameiri holum Reykjasvæðisins. Rennslið frá holu MG-16 hefur verið nálægt 40 l/s síðustu tvo ártatugi og hitastigið um 100°C. Engrar kælingar eða efnafræðilegra breytinga hefur orðið vart á holunum norðarlega á svæðinu.

Rennslið frá MG-23 hefur breyst nokkuð með tíma. Var það 60 - 70 l/s í upphafi en eftir upptekt minnkaði rennslið niður í um 40 l/s árið 1972 - 1973 og hefur haldist þannig áfram. Hitastig



holunnar hefur einnig fallið rólega úr um 80°C og niður í um 70°C. Þessi hitalækkun endurspeglast í lækkun á kíslstyrk vatnsins úr 65 ppm niður í um 55 ppm. Flestar holur syðst á svæðinu sýna sambærilegar breytingar á hita og kíslstyrk (lækkun), sem talið er benda til innstreymis á köldu grunnvatni inn á svæðið frá suðri eða suðvestri. Á hinn boginn hafa holurnar á norður- og austurhluta svæðisins ekki orðið fyrir áhrifum kælingar.

Alls eru 22 virkjaðar holur á svæðinu. Köldustu holurnar eru um 64°C heitar og sú heitasta um 100°C. Vatnsminnstu holurnar gefa undir 10 l/s en þær vatnsmestu næstum 80 l/s. Mikið hefur verið dregið úr vinnslu Reykjavæðisins til að draga úr kælingu svæðisins úr suðvestri. Er nú meðalvinnslan aðeins um 400 l/s en hafði verið um 500 - 600 l/s. Í samræmi við það hefur vatnsborð svæðisins hækkað verulega.



## 2.8 Vatnsvinnslan í Reykjahlíð

Vatnsvinnslan á Reykjahlíðarsvæðinu var tæplega 13,77 milljón rúmmetrar (~436 l/s meðalvinnsla) árið 2013, sem er samdráttur upp á 0,14 milljón rúmmetra frá árinu á undan. Meðalafl svæðisins árið 2013 nam 94,7 MW/ári en það er samdráttur upp á 1,1 MW/ári frá árinu á undan. Vegið meðalhitastig vatnsins var 91,9°C árið 2013. Alls eru 12 holur virkjaðar á svæðinu og er vinnsla hvers mánaðar sýnd á mynd 27.

Árleg vatnsvinnsla Reykjahlíðarsvæðisins á árunum 1974 - 2013 er sýnd á mynd 28. Vinnslan síðustu árin er með mesta móti, en hámarki náði hún árið 1998 er hún var 20,3 milljón rúmmetrar (~643 l/s meðalvinnsla). Stafar þessi mikla vinnsla m.a. af því að minna hefur verið dregið úr vinnslu yfir sumarmánuðina síðustu árin, m.a. til að tryggja nægilegt brennisteinsvetni í dreifikerfi veitunnar.


Alls nemur heildarvatnsvinnslan á Reykjahlíðarsvæðinu á árunum 1974 - 2013 tæplega 548 milljón rúmmetrum eða að meðaltali um 13,7 milljón rúmmetra á ári (434 l/s). Gögnin sem liggja til grundvallar myndunum eru í töflum 2 - 4.

Mynd 29 sýnir aflvinnslu úr borholum á Reykjahlíðarsvæðinu árið 2013. Súlurnar bera saman raunverulegt afl holanna og fræðilegt afl þeirra ef þær væru í gangi allt árið. Ekki er tekið tillit til minnkandi rennslis frá holunum vegna lækkandi vatnsborðs sem fylgir langvarandi dælingu. Aflið er reiknað út frá vinnslumagni einstakra hola, hitastigi vatnsins og nýtingu varmans niður í 40°C.

Mynd 29 sýnir því hvað mikið hver hola hefur verið nýtt á árinu og jafnframt að holurnar eru misöflugar. Eins og lesa má af myndinni eru holur MG-29, MG-32, MG-33, MG-34, MG-35, MG-36, MG-38 og MG-39 öflugustu holur svæðisins. Hver um sig gæti gefið fræðilegt afl á bilinu 19 - 23 MW á ársgrundvelli. Mest afl kom frá holu MG-39, sem gaf af sér 20,6 MW/ári. Holur MG-5, MG-19 og MG-39 voru mest nýttar á árinu (95 - 100%).


Mynd 30 sýnir hæð holanna yfir sjávarmáli, ásamt holu-, dælu- og föðringardýpi. Þá eru einnig gefnar upplýsingar um meðalhita holanna og meðalrennslu eins og það var árið 2013 (sum gildin

**Mynd 27. Reykjahlíð - Mánaðarvinnsla 2013**




## Mynd 28. Reykjavhlíð - Árleg vinnsla 1974 - 2013

Heildarupptaka = 547,5 Gl eða 434 l/s



## Mynd 29. Reykjavhlíð - Aflvinnsla eftir holum 2013

Heildarafl = 204,4 MW, tekið = 94,7 MW (46%)




eru áætluð). Gildin sem liggja til grundvallar myndarinnar eru í töflu 1.

Holur MG-37 og MG-39 eru dýpstu holur svæðisins eða um 2000 metrar, en meðaldýpt holanna á Reykjahlíðarsvæðinu er um 1730 metrar. Meðaldæludýpi er 156 metrar (137 - 183 metrar) og meðalhæð holanna yfir sjávarmáli er um 66 metrar (44 - 88 metrar). Meðal fóðringardýpi er um 236 metrar (133 - 368 metrar).


Hæstur mælist vatnshitinn í holu MG-37 eða um 98,2°C, en lægstur í holu MG-5 eða um 83,0°C. Mest var vatnsgæfnin í holu MG-38 eða um 106 sekúndulítrar, en minnst í holu MG-5 eða um 38 l/s.

Mynd 31 sýnir uppsafnaða vinnslu á Reykjahlíðarsvæðinu frá upphafi, flokkað eftir holum. Mest hefur verið tekið úr holu MG-39 eða tæplega 83 gígalítrar.

**Mynd 30. Reykjahlíð - Holur, dæludýpi, rennsli og hitastig**



**Mynd 31. Reykjahlíð - Vinnsla eftir holum frá upphafi**




## 2.9 Hiti, rennsli og efnafræði í völdum holum

Tvær holar hafa verið valdar til að endurspeglu hita, rennsli og efnafræði vatnsins á Reykjahlíðar svæðinu en það eru holar MG-37 og MG-39. Tölnar á myndinni fyrir neðan eru meðaltalsgildi byggðar á öllum mældum gildum.

MG-37 er norðvestast á svæðinu og hefur ekki orðið fyrir innstreymi á köldu grunnvatni frekar en

aðrar holar á nyðri hluta svæðisins. Efnafræði holunnar er nánast stöðugt frá borun og hitastigið hefur aðeins hækkað með tíma (úr 94°C í 98°C). Rennslið hefur sveiflast nokkuð til en er nú um 40 l/s, sem er nokkuð hærra en eftir borun.

Rennslið frá MG-39 er mjög sveiflukennt eftir árstíma (minnst á vorin og mest á haustin), en það einkennir flestar holar svæðisins. Hitastig hennar hefur lækkað nokkuð frá borun (94°C í 92°C), en




ekki eru áberandi breytingar á efnafræði vatnsins. Hugsanlega er nokkuð innstreymi af köldu grunnvatni inn á svæðið sunnanvert, þó norðurhluti svæðisins finni ekki fyrir því.

Alls eru 12 virkjaðar holur á svæðinu. Köldustu holurnar eru um  $83^{\circ}\text{C}$  heitar og sú heitasta um  $98^{\circ}\text{C}$ . Vatnsminnstu holurnar gefa tæplega 40 l/s

en þær vatnsmestu um 100 l/s að meðaltali. Ekki er óalgrengt að sjá rennslistölur hærri en 120 l/s úr einstökum holum á haustin. Enginn marktækur vinnslusamdráttur hefur átt sér stað á Reykjahlíðarsvæðinu og hefur viinsslán numið um 500 l/s síðustu þrijá áratugi. Vatnborð svæðisins sendur hins vegar hátt um þessar mundir en svæðið er í þróystingsjafnvægi við Reykjaskvæðið.

**Mynd 33. Reykjahlíð - Hola MG-39: Hiti, rennsli og efnafræði**



## 2.10 Vatnsvinnslan á Nesjavöllum og Hellisheiði

Vatnsvinnslan á Nesjavöllum var um 27,04 milljón rúmmetrar (~857 l/s meðalvinnsla) árið 2013, sem samsvarar samdrætti upp á 0,67 milljón rúmmetra (2,4%) frá árinu á undan. Meðalafl svæðisins árið 2013 nam 143,3 MW/ári en það er samdráttur upp á 3,6 MW/ári frá árinu á undan. Ástæðan fyrir samdrætti í reksti hitaveitu á Nesjavöllum síðustu tvö árin er vatnsvinnslan á Hellisheiðinni, en eftir að hún kom til sögunnar hefur ekki þurft að keyra vatnsvinnsluna á Nesjavöllum á fullum afköstum.

Vatnsvinnsla hófst á Hellisheiði í fyrsta sinn í desember 2010. Alls nam hún um 9,37 milljón rúmmetrum (~297 l/s meðalvinnsla) árið 2013.


Meðalafl svæðisins árið 2013 nam 49,7 MW/ári.

Árleg vatnsvinnsla á Nesjavöllum og á Hellisheiði á árunum 1990 - 2013 er sýnd á mynd 34. Til samans skiluðu Nesjavallavirkjun og Hellisheiðavirkjun meiri vatni til höfuðborgarsvæðisins en aður hefur borist frá Hengilssvæðinu (36,41 Gl).

Alls nemur heildarvatnsvinnslan á Nesjavöllum á árunum 1990 - 2013 486 milljón rúmmetrum eða að meðaltali um 20,3 milljón rúmmetra á ári (642 l/s). Samsvarandi vinnsla á Hellisheiðinni 2010 til 2013 nemur 23 milljón rúmmetrum.

**Mynd 34. Nesjavellir og Hellisheiði - Árleg vinnsla 1990 - 2013**

Heildarupptaka = 509,5 Gl eða 673 l/s



### 3. HITI, AFL OG VATNSBORÐ

Vinnslan, sem rætt er um hér að framan, er að mestu byggð á vikulegum mælingum á vinnsluholum veitunnar. Auk magnmælinga er mældur hiti í þeim holum sem í gangi eru, og vatnsborð, þar sem búnaður til þeirra mælinga er til staðar. Mesta vatnsvinnslan er köldustu mánuði ársins, þ.e.

desember til mars, og er álagið á jarðhitasvæðin jafnan mest í janúar og febrúar. Undanfarin ár hefur verið notast við hita- og rennsismælingar á þeim tíma til að meta heildarafkastagetu svæðanna, en hún fer að miklu leyti eftir stöðu vatnsborðs á svæðunum.

**Tafla 6.** Rennsli og hiti vatns úr borholum í jan 2013 (\*áætluð eða eldri gildi)

Laugarnes	I/s	°C	MW <sub>t</sub>
RV-5	49,0	128,6	18,15
RV-9	21,9	124,3	7,72
RV-10	23,3	131,4	8,90
RV-11*	55,6	132,7	21,54
RV-15*	19,0	123,0	6,59
RV-17	17,9	120,4	6,02
RV-19	41,6	127,2	15,16
RV-20	49,8	124,6	17,61
RV-35	21,3	134,8	8,44
RV-38*	37,2	128,1	13,70
2014	336,6	128,0	123,83
2013	340,1	128,1	125,29

Elliðaár	I/s	°C	MW <sub>t</sub>
RV-23*	49,8	89,4	10,28
RV-26*	17,9	90,6	3,79
RV-29*	41,7	66,5	4,62
RV-30	54,1	89,4	11,17
RV-31*	19,3	79,5	3,19
RV-36*	15,7	77,5	2,46
RV-37*	17,5	89,3	3,61
RV-39	48,7	78,0	7,74
2014	264,7	82,3	46,85
2013	258,0	82,5	45,80

Reykjahlíð	I/s	°C	MW <sub>t</sub>
MG-5	37,9	83,2	6,84
MG-19	41,3	91,9	8,96
MG-21*	42,6	88,3	8,60
MG-29	94,9	94,2	21,50
MG-32	84,1	91,2	18,00
MG-33	97,6	94,1	22,07
MG-34	91,3	93,3	20,34
MG-35	93,7	92,8	20,68
MG-36*	92,7	90,8	19,68
MG-37	39,7	98,2	9,66
MG-38	102,9	91,8	22,28
MG-39	86,7	92,3	18,95
2014	905,4	92,2	197,57
2013	929,4	92,3	203,18

Reykir	I/s	°C	MW <sub>t</sub>
MG-3*	44,7	69,6	5,53
MG-4*	4,7	82,7	0,84
MG-6*	22,0	75,7	3,28
MG-8*	40,1	74,2	5,73
MG-9	32,2	79,9	5,37
MG-11	34,6	87,9	6,93
MG-12	34,2	82,3	6,05
MG-13	49,2	89,1	10,10
MG-14	19,0	70,5	2,42
MG-15	17,2	86,0	3,31
MG-16	39,1	100,0	9,81
MG-17	39,6	73,6	5,73
MG-18	48,8	63,0	4,69
MG-20	30,0	92,4	6,57
MG-22	74,2	86,2	14,33
MG-23	39,9	69,4	4,90
MG-24	67,0	78,6	10,81
MG-25	37,8	92,8	8,34
MG-26	50,7	73,1	7,01
MG-27	39,9	75,7	5,95
MG-30	77,0	72,9	10,59
MG-31*	63,3	71,4	8,31
2014	905,2	78,7	146,44
2013	920,5	78,6	148,58

Magn: 2014 (Lághiti) Meðalhiti: 2014 (Lághiti) Afl: 2014 (Lághiti)	2412 l/s 91,1°C 515 MW
Magn 2014 (Nes/Hell) Hiti 2014 (Nes/Hell) Uppsett afl 2014 (Nes/Hell)	1640/650 l/s 80,0°C 274/109 MW
Heildarafl 2014	898 MW
Magn: 2013 (Lághiti) Meðalhiti: 2013 (Lághiti) Afl: 2013 (Lághiti)	2448 l/s 91,1°C 523 MW
Magn 2013 (Nes/Hell) Hiti 2013 (Nes/Hell) Uppsett afl 2013(Nes/Hell)	1640/200 l/s 80,0°C 274/33 MW
Heildarafl 2013	830 MW


Áður en Nesjavallavirkjun (og nú Hellisheiðarvirkjun) var tekin í notkun voru oftast allar vinnsluholur í gangi á sama tíma yfir köldustu mánuðina og þá var ekki um að ræða að holur gæfu meira rennsli vegna þess að aðrar holur væru stopp. Eftir að Nesjavallavirkjun (og Hellisheiðarvirkjun) var tekin í notkun hefur þetta breyst þannig að dregið hefur verið úr vinnslu á lághitasvæðunum, sem endurspeglast í hærra vatnsborði á svæðunum. Þess vegna fer það mikið eftir nýtingu svæðanna undanfarna mánuði hver heildarafkastagatan er. Þessi viðmiðun gefur því ekki sömu upplýsingar og áður.

Samkvæmt töflu 6 reiknast heildarafkastageta lág-hitasvæðanna í byrjun árs 2014 515 MW, eða aðeins minna en á árinu á undan. Heildarvinnslan nam 2412 lítri á sekúndu sem er samdráttur upp á 36 l/s frá síðasta ári. Veginn meðalhiti vatnsins var um 91,1°C.


### Laugarnes

Í byrjun árs 2014 voru heildarafköst Laugarnessvæðisins 123,8 MW og höfðu dregist saman um 1,2% frá því 2013. Heildarrennsli dróst saman um 1,0% og var nú 337 l/s. Vegið meðalhitastig vatnsins var 128,0°C.

**Mynd 35. Laugarnes - Mánaðarleg vinnsla og vatnsborðsmælingar í holum RV-5 og RV-7**



**Mynd 36. Elliðaár - Mánaðarleg vinnsla og vatnsborðsmælingar í holu RV-27**




Mynd 35 sýnir mánaðarlega vinnslu á svæðinu ásamt vatnsborðsmælingum í holum RV-5 og RV-7 á árunum 1985 - 2014. Vatnsborðið hækkaði ört á árunum milli 1988 og 1993, jafnframt sem árstíðarsveiflurnar minnkuðu. Verulega var dregið úr vinnslu á svæðinu árið 1991 og hefur vinnslan síðan verið nálægt 5 gígálítrum á ári. Árið 1993 náðist jafnvægi milli dælingar og vatnsborðs, og hélst það til ársins 1996, en þá stóð vatnsborð hæst á svæðinu. Lítillsháttar aukning í vinnslu á árunum 1997 - 2003 olli því að vatnsborðið lækkaði nokkuð tímabundið. Í dag stendur vatnsborð á

Laugarnessvæðinu 25 - 35 metrum hærra en það gerði árið 1988. Aðeins eru nú um 18 metrar til yfirborðs þegar vatnsborð stendur sem hæst á haustin.


### Elliðaár

Í byrjun árs 2014 voru heildarafköst Elliðaársvæðisins tæplega 47 MW og höfðu lítið breyst frá árinu á undan. Tæplega er þó hægt að heimfæra þessa niðurstöðu upp á svæðið í heild, þar sem lang

**Mynd 37. Reykir - Mánaðarleg vinnsla og vatnsborðsmælingar í holum MG-1 og SR-32**



**Mynd 38. Reykjhahlíð - Mánaðarleg vinnsla og vatnsborðsmælingar í holu MG-28**



stærsti hluti vatnsins er feginn úr einni og sömu holunni. Hola RV-39, sem hefur verið í um 100% nýtingu allt árið, var stöðvuð í byrjun árs 2014 vegna útfellinga og lækkandi hitastigs. Á þessari stundu er ekki vitað hvort hitastiglækkunin sé raunveruleg eða tengist mælibúnaði. Hola RV-39 gefur því mun minna útreiknað afl en ádur. Á móti kemur að hola RV-30, sem keyrð er í staðinn, gefur bæði meira magn og hærri hita en síðast þegar hún var keyrð. Allar holurnar á Elliðaárvæðinu innihalda á bilinu 0,1 - 1 ppm af súrefni.

Mynd 36 sýnir mánaðarlega vinnslu á svæðinu ásamt vatnsborðsmælingum í holu RV-27 á árunum 1985 til 2014. Vatnsborð stendur nú mjög hátt, eða nálægt 35 - 40 metrum yfir sjávarmál. Jarðhitageymirinn undir Elliðaárvæðinu er lítill og er vatnsborðið því fljótt að bregðast við breytingum á dælingu, eins og sést á lækkandi vatnsborði samfara aukinni dælingu í kuldakastinu í febrúar 2002, svo og árin 2006 og 2007. Vatnsborðið er nú að jafnaði um 60 metrum hærra en það var árið 1986 og er aðeins um 5-6 metra frá yfirborði niður að vatnsborði þegar best lætur.

## Reykir

Í byrjun árs 2014 voru heildarafköst Reykjavæðisins 146,4 MW og höfðu dregist saman um 2,1 MW frá 2013. Heildarrennsli var nú 905 l/s og vegið meðalhitastig vatnsins var 78,7°C.

Mynd 37 sýnir mánaðarlega vinnslu á svæðinu ásamt vatnsborðsmælingum í holum MG-1 og SR-32 á árunum 1985 til 2014. Dregið hefur verið úr vinnslu á svæðinu frá 1989, ef undan eru skilin nokkur ár á tímabilinu 1998 - 2003. Mikil vinnsla

þá var vegna vinnslustöðvunar í Reykjahlíð og á Nesjavöllum. Vatnsborðið hækkaði ört milli áranna 1989 og 1993, en síðan hefur dregið úr vatnsborðshækkun á svæðinu. Í kjölfar aukinnar vinnslu lækkandi vatnsborð ört á árunum 1998 - 2002, en hefur hækkað nokkuð síðan eftir að dregið var úr vinnslu á árinu 2002.


Þar sem þrýstijafnvægi virðist vera milli Reykjavæðisins og Reykjahlíðar verður að líta á sameiginlega vinnslu þessara svæða til þess að meta áhrif vinnslunnar. Eins og sést á mynd 39 var verulega dregið úr sameiginlegri vinnslu svæðanna árin 1990 og 1991, og hækkaði vatnsborðið þá ört. Á árunum 1992 - 1995 var vinnslan nálægt 28 gígálítrum á ári og endurspegladist það í mjög reglubundnun og jöfnum vatnsborðssveiflum. Árin 1996 - 1997 drógst sameiginleg vinnsla enn saman og var um 27 gígálítrar á ári. Í samræmi við það fór vatnsborðið hækkandi að nýju. Á árunum 1998 til 2001 var sameiginleg vinnsla á bilinu 30 - 34 gígálítrar og lækkandi vatnsborðið ör. Verulegur samdráttur í sameiginlegri vinnslu hefur valdið áberandi vatnsborðshækkun á svæðinu síðastu fjögur árin. Í dag stendur vatnsborðið um 45 metrum hærra á Reykum en það var árið 1990.

## Reykjahlíð

Í byrjun árs 2014 voru heildarafköst Reykjahlíðarsvæðisins 197,6 MW eða um 5,6 MW minni en 2013. Heildarrennsli hafði dregist saman um 2,6% og var 905 l/s. Vegið meðalhitastig vatnsins var 92,2°C. Rennsli hola í Reykjahlíð er mjög sveiflukennt og geta því holurnar gefið mjög mismunandi vatnsmagn í samræmi við vinnsluá lagið á svæðinu.


**Mynd 39. Sameiginleg vinnsla á Reykum og Reykjahlíð 1971 - 2013**

Heildarupptaka = 1181,1 GI/870 l/s




Mynd 38 sýnir mánaðarlega vinnslu á svæðinu ásamt vatnsborðsmælingum í holu MG-28 á árunum 1985 til 2014. Vatnsborðið hækkaði ört á árunum milli 1990 og 1992, en náði nokkuð jafnvægi á árunum 1993 - 1995. Árin 1996 - 1997 var dregið nokkuð úr sameiginlegri vinnslu svæðanna, eins og áður getur og sést á mynd 39. Í samræmi við það hækkaði vatnsborðið að nýju. Árið 1998


lækkaði vatnsborð vegna aukinnar vinnslu, en heldur dró úr þessari þróun árið 1999. Á árunum 2000 - 2001 lækkaði vatnsborð samfara aukinni vinnslu á svæðinu. Síðustu átta árin hefur vatnsborð hækkað nokkuð að nýju í samræmi við minnkandi vinnslu á Mosfellssveitarsvæðinu og stendur vatnsborðið nú u.p.b. 40 metrum hærra en það gerði árið 1990.



**Kort 1:** Staðsetning borhola á Laugarnessvæði. Mælikvarði: 1:3000  
Tölulegar upplýsingar eru fengnar úr töflu 6.



**Kort 2:** Staðsetning borhola á Ellidaárvæði. Mælikvarði: 1:3000  
Tölulegar upplýsingar eru fengnar úr töflu 6.



**Kort 3:** Staðsetning borhola í Mosfellssveit  
Tölulegar upplýsingar eru fengnar úr töflu 6  
Mælikvarði: 1:20000

